

Alþingi
Erindi nr. P 138/970
komudagur 22.1.2010



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Alþingi – nefndasvið,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 21. janúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytinga á ýmsum lögum vegna þjónustuviðskipta á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 278, mál – umsögn.

Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um ofangreint mál.

Eins og segir í athugasemdum við frumvarpið er það lagt fram samhliða frumvarpi til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Hér er verið að leggja til nauðsynlegar breytingar á ýmsum gildandi lögum sem leiða af gildistöku þjónustutilskipunarinnar í íslenska löggjöf.

Gert er ráð fyrir því að öll aðildarríki yfirfari öll leyfisferli og einfaldi eins og kostur er. Afrakstur þessarar yfirferðar sést í þessu frumvarpi. Hér er um mikilvægan þátt þessa máls að ræða þar sem miklu skiptir að leyfisveitingar fari fram með eins einföldum hætti og kostur er. Samtökin treysta því að það frumvarp sem hér liggur fyrir sé afrakstur nákvæmrar yfirferðar í stjórnkerfinu á breytingum sem nauðsynlegar eru samhliða innleiðingu á þjónustutilskipuninni í íslenska löggjöf. Í því trausti gera þau ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. SVP.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Andrés Magnússon', written over a horizontal line.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.